

Dreifibréf til sjúkrabjálfara.

Árið 2019 var skerpt löggjöfin um persónuvernd og er heilbrigðisstarfsfólki gert að senda frá sér öll persónugreinanleg gögn á öruggan hátt. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa í kjölfar þessa opna flipa í Gagnagátt þar sem hægt er að senda rafræn skjöl til stofnunarinnar á öruggan hátt. Í gegnum þennan flipa er hægt að senda pdf-, word-, og excel-skjöl. Þannig má senda skjöl með rökstuðningi ef skjólstaðingur þarf „þunga meðferð með álagi“, „meðferð í leik- eða grunnskóla“ og hvað annað sem upp kemur þar sem þörf er á að senda persónugreinanleg gögn.

Heilbrigðisstarfsmaður fær aðgang í Gagnagátt að réttindastöðu og umsýslu með nýskráningu eigin kennitölu. Lykilorð er sent í netbanka viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns. Ef lykilorð týnist er það aðgengilegt í netbankanum. Heilbrigðisstarfsmaður sem er í viðskiptum við SÍ í eigin kennitölu fær aðgang að viðskiptahluta og réttindahluta Gagnagáttar með einu lykilorði sem sent er í netbanka.

Bent er á að öll bréf /úrskurðir frá SÍ sem tengjast heilbrigðisstarfsmönnum s.s. svör v/umsókna um viðbótarskipti í sjúkrabjálfun berast í Gagnagátt (Skjöl / Bréf) og sjúkrabjálfarar hvattir til að lesa þau bréf sem berast. Enn fremur er bent á að þessar breytingar í Gagnagátt hafa engar breytingar á Gagna í för með sér.

AÐFERÐ:

Skráið ykkur inn á GAGNAGÁTT (www.sjukra.is flipi hægra megin).



Skráið ykkur inn á ykkar svæði. Þegar þið eru komin inn veljið þið Rafræn skil á skrá og svo starfsheitið ykkar og smellið á Finna skrá og veljið skjalið sem senda á. Möguleiki er á að skrá skýringu með sendingunni.

